

Fundargerð 25. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2019, mánudaginn 21. október kl. 14:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir, sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 24. fundar - 1801019SA

Fundargerð 24. fundar var lögð fram til undirritunar.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Aðgerðir siðanefndar á nýju kjörtímabili (2018-2022) - 1806010SA

Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur mætti á fund nefndarinnar til að ræða áfram fyrirbyggjandi drög að hegðunarreglum og fagteymi með hliðsjón af reynslu hans.

Samþykkt að fela formanni að fara yfir fyrirbyggjandi drög með hliðsjón af ábendingum Marteins.

3. Erindi Akureyrarbæjar - í skugga valdsins - hegðunarreglur fyrir kjörna fulltrúa - 1806010SA

Erindinu var vísað til umfjöllunar siðanefndar með samþykkt stjórnar sambandsins 27. september sl.

Samþykkt að vinna að erindi Akureyrarbæjar í tengslum við 2. mál.

Fundi var slitið kl. 16:00

Sigurður Kristinsson

Erling Ásgeirsson

Anna G. Björnsdóttir

